

## Volkswagen 1956

Tilboð óskast í Volkswagen sem er til sýnis og sölu hjá Norðurleið h.f., Grímsstaðaholti.  
Norðurleið h.f.

## Skrifstofustarf

Óskum eftir vönum skrifstofumanni sem fyrst. Gott væri ef einhver tæknimenntun væri fyrir hendi. Tilboð sendist Mbl. merkt: „Starf 5922“ fyrir 16. þ.m.

## Stúlkur

Vantar nokkrar saumastúlkur strax. Upplýsingar milli kl. 3—5.  
BLÁFELDUR H.F.,  
Síðumúla 21.

## Dolinda Tanner Björnsson

f. Brugg 3/8 1923 — d. Reykjavík 10/10 1967.

Bertha Tanner  
Lugano

Bruno og Marguerite  
Tanner, Zürich.

Ólafur Björnsson og  
Elisabet Dolinda,  
Reykjavík.  
Willy og Beverley  
Tanner,  
Mill Valley,  
California.

## NÝKOMIÐ

franskar og skozkar  
drengjapeysur

## Ó.L.

Laugavegi 71 — Sími 20141.

## Einbýlishús

Til sölu er skemmtilegt einbýlishús við Sæviðarsund ásamt bílskúr. Húsið er 2 samliggjandi stofur, húsbóndaherbergi, 4 svefnherbergi, eldhús með borðkrók o.fl. Húsið og bílskúrinna selst múrhuðað að utan og innan. Er tilbúið til afhendingar strax. Teikning til sýnis á skrifstofunni. Hugsanlegt er að taka góða 2ja til 4ra herbergja íbúð upp í kaupin.

ÁRNI STEFÁNSSON, HRL.  
Málflutningur. Fasteignasala.  
Suðurgötu 4. Sími 14314.

## ÁTRÆÐ:

# Emilía Sighvatsdóttir

ÁTRÆÐ er í dag frú Emilía Sighvatsdóttir. Hún er fædd í Reykjavík, 12. október 1887, dóttir hjónanna Sighvats Bjarnasonar, banka- stjóra og Ágústu Sighvatsdóttur, en heimili þeirra var lengst af á Amtmannsstíg 2 í Reykjavík. Emilía hefir búið ella sína ævi í Reykjavík, að undanskildum tveimur árum, er hún sem ung stúlka, starfaði hjá Vátrygginga- félaginu Nye Danske, en faðir hennar hafði umboð fyrir það hér á landi. Samtímis því stund- aði hún nám við Handelsskolen í Kaupmannahöfn. Þegar heim kom stóðu Emilíu opnir mögu-



leikar til verzlunar og banka- starfa, en hún kaus að taka við skrifstofu föður síns og vann þar um margra ára skeið. Þótti hún mjög fær til hverskonar skrif- stofustarfa.

Emilía giftist Jóni Kristján- syni, lækni, en hann dó árið 1937. Börn þeirra voru sjö og eru fimm af þeim á lífi, fjórir syn- ir og ein dóttir, öll gift og búsett í Reykjavík. Emilía hefði víst átt erfitt með, að hugsa sér bú- setu annars staðar en í Reykja- vík og henni unni hún mjög. Hún fór nokkrum sinnum með manni sínum, er hann var í námsferðum erlendis og þráði þá mest, að sjá Reykjavík aftur. Hún var Reykjavíkurbarn, bæði sem ung og eldri. Þar eignað- ist hún líka marga kunningja og vini, eins og annars staðar þar sem hún fór, m.a. í ýmsri félags- starfsemi, svo sem Oddfellow- reglunni, K.F.U.K., safnaðar- starfsemi, og víðar. Emilíu var létt um að blanda geði við aðra og kom það fram, bæði innan heimilis og utan. Heimili þeirra hjóna var bæði fallegt og ánægjulegt, og báðum var þeim gefinn eiginleiki góðra gestgjafa, eins og bezt varð á kosið, fram- koman ljúf og elskuleg.

Þrátt fyrir breyttar aðstæður, við lát manns Emilíu, héldust þessir eiginleikar hennar svo lengi sem þrek entist. En á síð- ustu árum hefir Emilía þurft að dvelja fjarri heimili sínu, vegna sjúkdóms og þá ýmist verið á hressingarstöðum, eða í sjúkrahúsum og sl. ár hefir hún verið rúmliggjandi í Elliheimilinu Grund. Þar hafa börn hennar, tengdabörn og vinir ekki látið undir höfuð leggjast, að rækja ljúfar skyldur við hana.

Í dag getur þú ekki, kæra Emilía, minnst þessara tíma- móta á þann hátt, er þú hefðir kosið, með því að taka á móti fjölskyldu þinni og vinum, eins og þér fyrr var svo eiginlegt, meðan heilsa og kraftar leyfðu. En þú hefir lifað breytilegar að- stæður lífsins og reynt að aðlag- ast þeim. Því vona ég nú að þú megir finna gleði í dag, við nær- veru fjölskyldu þinnar og í þess um fáu orðum vildi ég að þú gætir fundið vináttu okkar og blessunaróskir, sem við færum þér nú, með einlægum þakklæti fyrir öll líönu árin.

Karl Helgason.

## Nauðungarupboð

annað og síðasta á efri hæð (rishæð) Borgarholts- brautar 3, þinglýstri eign Sigurðar Ottóssonar, fer fram mánudaginn 16. október 1967 kl. 16 á eign- inni sjálfri.  
Bæjarfógetinn í Kópavogi.

## Nauðungarupboð

annað og síðasta á Borgarholtsbraut 3, neðri hæð, þinglýstri eign Ingimars Einars Ólafssonar, fer fram mánudaginn 6. október 1967 kl. 16 á eigninni sjálfri.  
Bæjarfógetinn í Kópavogi.



## Fimleikadeild

Æfingar verða til áramóta sem hér segir:

## Frúarflokkur

Austurbæjarbarnaskóli: Mánudaga kl. 8.10—9.00 e.h. Kennari Ingunn Jónsdótt- ir.

## Öldungaleikfimi

Austurbæjarbarnaskóli: Mánudaga og fimmtudaga kl. 7—8 e.h. Kennari Einar Gíslason.

## Áhaldafimleikar

Íþróttahús Háskólans: Fimmtudaga kl. 9—10 e.h. Kennari Jónas Jónsson.

Uppl. í sínum 19114 og 30233.

Fjölmennið og verið með frá byrjun.

Stjórnin.

JAMES BOND — \* — — \* — — \* — — \* — — \* — — \* — IAN FLEMING

James Bond  
BY IAN FLEMING  
DRAWING BY JOHN MCLUSKY



Kóranskir verðir! að fór hrollur um Bond. Hann hafði heyrt talað um kór- anska verði, sem þessa, í japönsku fanga- búðunum.

— Upp með hendur!



— Við leitum á ykkur. Ef þið veitið mótspyrnu, þá . . .

— Hvað sem þeir gera, þá taktu ekk- ert til bragðs.

— Allt í lagi. Áfram nú.



Við enda gangsins voru dyr og innan úr herberginu barst kunnug rödd.

— Komdu inn, James Bond.

RAGNAR TÓMASSON  
HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR  
AUSTURSTRÆTI 17 - (SILLI & VALDI)  
SÍMI 2-46-45  
MÁLFLUTNINGUR FASTEIGNASALA  
ALMENN LÖGFRÆÐISÖRF

## FÉLAGSLÍF

Handknattleiksdeild Þróttar  
Æfingatafla.

Hálogaland:

Mánudaga 3. fl. kl. 7,40—  
8,30.

Miðvikudaga 3. fl. kl. 6,50—  
7,40.

Miðvikudaga meist.fl., I. og  
II. fl. kl. 7,40—8,30.

Laugardalshöll:

Laugardaga meist.fl., I. og  
II. fl. kl. 5,30—7,10.

Mætið vel og stundvíslega.  
Góðir þjálfarar.

Stjórnin.